



Kaup á Eyrarvegi 8, Flateyri og stofnun sjálfseignarstofnunar

Á 434. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. mars sl., var samþykkt tillaga bæjarráðs um að samþykkja kaupsamning milli Ísafjarðarbæjar og Ríkiskaupa um 85% hluta í Eyrarvegi 8, Flateyri. Enn fremur var bæjarstjóra veitt umboð til að selja eignina Eyrarvegur 8 til sjálfseignarstofnunar Nemendagarða Lýðháskólans á Flateyri, fyrir að lágmarki jafnvirði kaupverðs eignarinnar.

Undirrituð leggja til að Ísafjarðarbær komi að stofnun sjálfseignarstofnunar Nemendagarða Lýðháskólans á Flateyri með því að leggja 15% eignarhlut sinn í Eyrarvegi 8, Flateyri inn í sjálfseignarstofnunina sem stofnfé.

Bókfært virði 15% hluta fasteignarinnar í bókum Ísafjarðarbæjar er kr. 7.525.070,-. Heildarfasteignamat eignarinnar er kr. 13.020.000,-, því er fasteignamat 15% eignarhluta kr. 2.453.000,-.

Verði sjálfseignarstofnunin lögð niður mun hrein eign hennar renna til Ísafjarðarbæjar sem skal nýta eignina í verkefni til hagsbóta fyrir íbúa Önundarfjarðar eða nýsköpunar í Önundarfirði eftir nánari ákvörðun stjórnar eins og nánar skal kveðið á um í samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar.

Guðmundur Gunnarsson, bærarstjóri
Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari